

Athugasemdir

Mannréttindasamtaka innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra
við „frumvarp til laga um breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum nr. 45, 12. maí
1965, með síðari breytingum”

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Mannréttindasamtök innflytjenda
á Íslandi og fjölskyldna þeirra,
pósthólf 9384, 129 Reykjavík.
Netfang; humanice@hotmail.com

Reykjavík, 19. mars, 2000

Frumvarpið felur aðallega í sér breytingar á núgildandi lögum um eftirlit með útlendingum sem miða að því að laga núgildandi lög að samningnum um Schengen-samstarfið sem Ísland er nú aðili að.

Samtökin hafa opinberlega í ræðu og riti gagnrýnt núgildandi lög um eftirlit með útlendingum harðlega og benda á að innflytjendalöggjöf er í raun ekki til á Íslandi en Schengen-samstarfið gerir ráð fyrir að hvert aðildarríki hafi slíka löggjöf sem liggja þá til grundvallar samstarfinu. Samtökin benda því á að í sjálfu sér eru löggin um eftirlit með útlendingum frá 1965 algerlega ófullnægjandi sem slík og þörf er til að semja nýja löggjöf þar sem m.a. réttindi innflytjenda eru skilgreind mjög nákvæmlega.

Hvað varðar þessar breytingar í þeim tilgangi að gera lögnum fært að sleppa fyrir horn varðandi Schengen samstarfið er ekki margt sem kemur beint við okkar málum, en þó ákveðin atriði og munum við því fara yfir breytingarfrumvarpið lið fyrir lið:

1. gr. – 4. gr.

Engar athugasemdir að svo komnu.

5. gr.

Í 3. mgr. þessarar greinar er útlendingum öðrum en frá greinir í 1. og 2. mgr. gert óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér lengur en 3 mánuði á 6 mánaða tímabili frá því þeir komu fyrst til landsins. Í síðustu mgr. greinarinnar er dómsmálaráðherra veitt heimild til að ákvarða um að útlendingur megi dvelja hér lengur ef um það hefur verið samið við önnur ríki.

Hér teljum við að nánari skilgreiningar sé þörf á þessu sérstaka leyfi því eins og lögin eru framkvæmd nú er ekki um neitt slíkt leyfi að ræða. Útlendingaeftirlitið bendir reyndar á þann möguleika útlendinga að sækja um tímabundið dvalarleyfi en slíkt er allt annars eðlis en áritun sem veitt er til ferðalaga eða fjölskylduheimsóknar (travel-/visitors visa) en slíkra leyfa er þörf fyrir innflytjendafjölskyldur. Einnig þarf að rýmka orðalagið; *ef um það hefur verið samið við önnur ríki*, þannig að tillit sé einnig tekið til tengsla útlendinga sem einstaklings við Ísland óháð samningum sem Ísland hefur við ríki viðkomandi. Í raun er afar siðlaust að lögin skuli ekki kveða frekar á um réttindi skyldmenna til heimsókna og dvalar og óskum við eftir að þetta verði lagað að okkar þörfum. Reynsla okkar er sú að mjög torvelt er að fá afgreitt dvalarleyfi (residence permit) og að slíkt skuli þurfa að gera ef ætlunin er að dvelja hér lengur en 90 daga er óásættanlegt. Auk þess samsvarar það ekki tilgangi ferðarinnar. Við leggjum til að nánum skyldmönnum Íslendinga sé gert fært að koma í heimsókn á ferðamanna- eða heimsóknaráritun um lengri tíma, a.m.k. í 1 ár án þess að þurfa að sækja um dvalarleyfi.

Í raun er nauðsynlegt að stjórnvöld samþykki fleiri gerðir áritana sem fyrst (og bendum við á að nú er tækifæri til að lagfæra þetta atriði) og að þær áritanir séu gefnar út fyrir komu til landsins en eins og málum er nú háttað er aðeins ein tegund áritana til, komuáritun (entry-visum) að því er okkur er kunnugt um og leyfi eins og t.d. dvalarleyfi er gefið út eftir að komið er til landsins en umsækjandi þarf á meðan að sætta sig við munnlegt loforð Útlendingaeftirlitsins um að leyfið verði í raun veitt.

Sem dæmi um hve alvarlega beyting núgildandi laga mismuna þegnum og brýtur alþjóðalög og samninga sem Ísland hefur fullgilt er mál sem við erum að fást við núna og er þannig: Íslensk fjölskylda, hjón og 2 börn (3ja barnið á leiðinni og mun fæðast í okt. komandi) er að vonast til að foreldrar eiginkonunnar (amma og afi barnanna) geti komið í júní og dvalist í allt að eitt ár hjá þeim. Útlendingaeftirlitið notar lögin og setur þeim stólinn fyrir dyrnar með því að krefja fjölskylduna um að leggja fram kr. 58.000 á mánuði fyrir hvort foreldranna. Samtals er þetta 1.392.000 kr. Foreldrar eiginkonunnar hafa ríkisfang á Filippseyjum, þau hafa eigin ferðatryggingu og fjölskyldan hefur að sjálfsögðu lýst því að hjónin muni dvelja á heimili fjölskyldunnar og að fæði og upphald annað sé tryggt og á þeirra ábyrgð. Auk þessa hafa hjónin að sjálfsögðu keypt sér tvíferðarmiða (return ticket). Slík framkoma stjórnvalda gagnvart borgurunum er þess eðlis að óhugnarlegt er og óskum við eftir að komið verði til móts við þessar athugasemdir strax í þessu frumvarpi því þetta þolir að sjálfsögðu enga bið.

6. gr. – 7. gr.

Engar athugasemdir að svo komnu.


8. gr.


Við leggjum til að tillaga að fyrri hluta 5. töluliðar 17. greinar verði felld niður, ella hljóði liðurinn þannig; „*Hjálpur útlendingi til að dvelja ólöglega hér á landi í hagnaðarskyni...*” Þar sem engin innflytjendalöggjöf er til í landinu eru óverndaðar fjölskyldur innflytjenda oft settar í erfiðar siðferðisklípur (moral dilemmas) af því taginu að hægt væri, ef 5 töluliður væri óbreyttur, að túlka liðinn svo að aðstæður sem skapast vegna vöntunar á lögum og galla á lögum, auk meintrar vanrækslu stjórnvalda við upplýsingaskyldu sína, að ákæra fjölskyldurnar og færa lagaleg rök að sekt þeirra um refsiverðan glæp. Þá geta mál eins og t.d. að gleyma að sækja um eða endurnýja tímanlega tímabundið dvalarleyfi barna sinna orðið refsivert sem er að sjálfsgöðu óásættanlegt. Slík mál hafa einmitt gerst vegna þess að hvergi er í núgildandi lögum getið um réttindi barna innflytjenda til dvalarleyfis en um það fjöllum við nú á öðrum vettvangi og nefni ég það aðeins til að sýna fram á fáránleika núverandi laga og knýjandi þörf á raunverulegum breytingum þeirra. Við sjáum ekki hvað þessi liður kemur í raun Schengen-samstarfinu við frekar en aðrir þeir liðir sem við höfum gert athugasemdir við hér en þessu frumvarpi var gert að laga núgildandi lög að því samstarfi eins og oft er nefnt hér að ofan.

9. gr. – 10. gr.

Engar athugasemdir að svo komnu.

Virðangarfyllst,


Guðjón Atlason, formaður


Ólafur M. Ólafsson, stjórnarm.

Afrit; Mannréttindaskrifstofa Íslands, ýmsir alþingismenn o.fl.

Mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra, pósthólf 9384, 129 Rvk.
Sími/fax; 586-1042 Netfang; humanice@hotmail.com Vefur; <http://www.mmedia.is/omo>